

Íþyngjandi áhrif sýklalyfjaónæmis á heilsufar

1. Á hverju ári deyja 33.000 manns þar sem bein orsök er sýkingar þar sem bakteríurnar eru ónæmar fyrir sýklalyfjum. Þetta er sambærilegt við fjölda farþega í meira en 100 miðlungsstórum flugvélum.

2. Hin íþyngjandi áhrif af sýkingum með bakteríum sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum á íbúa Evrópu eru sambærileg við áhrifin af influensu, berklum og HIV/alnæmis samanlagt.

3. Á milli árána 2007 og 2015 jukust íþyngjandi áhrif af öllum 16 sýklalyfjaónæmu bakteríunum sem verið er að rannsaka:

- Fjöldi dauðsfalla sem hægt er að rekja til *Klebsiella pneumoniae* sem er ónæm fyrir karbapenemösum (e. carbapenems) – flokki sýklalyfja sem eru notuð sem neyðarúrræði –
- jókst sexfalt. Þetta er þróun sem veldur áhyggjum vegna þess að þessar bakteríur geta dreifst með auðveldum hætti innan vettvangs heilbrigðisþjónustunnar ef nægilegar smitvarnir og varnaðarráðstafanir eru ekki til staðar.
- Fjöldi dauðsfalla sem rekja má til sýkinga með þriðju kynslóðar sefalósporín (e. cephalosporin)-ónæmra saurgerla (e. *Escherichia coli*) jókst fjórfalt.

4. 75% af íþyngjandi áhrifum baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum er vegna sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Þetta væri hægt að lágmarka með fullnægjandi smitvörnum og varnaðarráðstöfnum, sem og með sýklalyfjastjórnun.

5. Sýkingar með þriðju kynslóðar sefalósporín (e. cephalosporin)-ónæmum saurgerlum (e. *E. coli*) eru ábyrgar fyrir mest íþyngjandi áhrifunum og meira en helmingur af þessum sýkingum kemur upp í samfélaginu. Sýkingalyfjastjórnun sem beinist að þeim sem ávísa lyfjum innan heilsugæslunnar sem og að smitvörnum og varnaðarráðstöfunum innan heilsugæslunnar er þar af leiðandi nauðsynleg til að draga úr íþyngjandi áhrifum þessara sýkinga.

6. 39% af hinum íþyngjandi áhrifum eru vegna baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem eru notuð sem neyðarúrræði svo sem eins og karbapenemösum (e. carbapenems) og kólistín (e. colistin).

7. Þetta er aukning frá 2007 og veldur áhyggjum vegna þess að þessi sýklalyf eru síðasti meðferðarvalkosturinn sem er til staðar. Þegar þau virka ekki lengur, þá er mjög erfitt eða, í mörgum tilfellum, ómögulegt að meðhöndla þessar sýkingar.

*Helstu skilaboðin eru byggð á grein sem birtist í *The Lancet Infectious Diseases* þann 5. nóvember 2018, undir heitinu *Attributable deaths and disability-adjusted life-years caused by infections with antibiotic-resistant bacteria in the EU and the European Economic Area in 2015: a population-level modelling analysis* (Dauðsföll sem rekja má til og lífár með fötlun vegna baktería sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum í Evrópsambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu árið 2015: líkanagreining á íbúastiginu). Í greininni eru metin hin íþyngjandi áhrif af fimm gerðum af sýkingum*

sem bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum valda, (8 tegundir af bakteríum, 16 samsetningar af sýklalyfjaónæmum bakteríum) sem áhyggjuefni vegna lýðheilsu í löndum í Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu árið 2015, mælt í fjölda tilfella, dauðsföllum og lífárum með fötlun sem hægt er að rekja til þeirra. Hægt er að hugsa um eitt LÍFÁR MEÐ FÖTLUN sem eitt tapað ár af „heilbrigðu“ lífi. Summa þessara LÍFÁRA MEÐ FÖTLUN hjá öllum mannfjöldanum, eða íþyngjandi áhrif sjúkdóma, er hægt að hugsa um sem mælingu á bilinu á milli núverandi heilbrigðisástands og fullkomins heilbrigðisástands þar sem allur mannfjöldinn nær háum aldri, laus við sjúkdóma og fötlun.